



Til góðra verka!



Orlofssjóður



Orlofshús á 9 stöðum um allt land

Orlof 2024

Umsóknarfrestur til kl.12:00, 9. apríl

AFL Starfsgreinafélag • www.asa.is • sími: 4700 300



Myndasamkeppni

Sumarið 2024

Líkt og undanfarin ár efnir AFL Starfsgreinafélag til myndasamkeppni meðal félagsmanna um bestu myndina af eða frá sumardvalarstöðum félagsins.

Veitt verða 10 verðlaun, ein fyrir hvern stað.

Verðlaunin:

1. Myndavél að verðmæti kr. 100.000.
- 2.–9. Helgardvöl í orlofsíbúðum félagsins á Akureyri eða í Reykjavík.

Myndir sendist á myndir@asa.is í upprunalegri upplausn fyrir 2. september 2024.

AFL Starfsgreinafélag áskilur sér birtingarrétt á öllum innsendum myndum. Myndir sem koma til birtingar hjá félaginu geta unnið til verðlauna, vinningsmynd prýðir næsta orlofsbækling. Upplýsingar um vinningshafa verða birtar á heimasíðu félagsins eftir miðjan september 2024.



Orlofssjóður

Stjórn Orlofssjóðs:

Porkell Kolbeins
formaður

Fanney Ingibjörg Bóasdóttir
meðstjórnandi

Hrefna Guðný Kristmundsdóttir
meðstjórnandi

Una Sigríður Jónsdóttir
varamaður

Ausra Laukyté
varamaður

Úthlutunarreglur orlofshúsa AFLs

Orlofshús AFLs Starfsgreinafélags eru eingöngu til útleigu fyrir félagsmenn AFLs og gildir þá einu hvort um er að ræða greiðandi félagsmann, eldri borgara eða öryrkja, svo framarlega að viðkomandi hafi verið greiðandi til félagsins þegar hann hvarf af vinnumarkaði.

Orlofshúsin skulu auglýst til sumarleigu eigi síðar en 15. apríl. Úthlutun skal fara fram eigi síðar en 15. maí.

Félagsmenn skulu sækja um eina sérstaka viku og hafa rétt til að tilgreina eina viku til vara hvort heldur sem er á sama stað eða öðrum.

Sækja skal um á þar til gerðu umsóknar-eyðublaði eða rafrænt á asa.is „mínar síður“.

Þeir félagsmenn sem ekki hafa fengið úthlutun síðastliðin þrjú ár hafa forgang.

Ef of margar jafn rétt háar umsóknir berast um sömu viku á sama stað skal úrdráttur ráða.

Leigugjald skal greitt eigi síðar en tveimur vikum eftir úthlutun. Þeim vikum sem ekki hefur borist greiðsla fyrir innan tveggja vikna frá úthlutun, skal úthlutað aftur.



AFL Starfsgreinafélag

Miðvangur 2-4
700 Egilsstaðir
s. 4700 300

asa@asa.is • www.asa.is

Til góðra verka!



Til góðra verka! Orlofssjóður

Félagsmenn!

Nú er rétti tíminn til að sækja um
sumarbústað sumarið 2024

Staðir í boði í sumar:

- | | | |
|---|--------------|------------------------|
| 1 | Einarsstaðir | 7. júní – 30. ágúst |
| 2 | Klifabotn | 7. júní – 30. ágúst |
| 3 | Minniborgir | 7. júní – 30. ágúst |
| 4 | Birkihlíð | 7. júní – 6. september |
| 5 | Ölfusborgir | 7. júní – 30. ágúst |
| 7 | Svignaskarð | 31. maí – 30. ágúst |
| 6 | Munaðarnes | 24. maí – 23. ágúst |
| 8 | Purranes | 7. júní – 30. ágúst |
| 9 | Illugastaðir | 7. júní – 30. ágúst |



Umsóknarfrestur er til kl. 12:00 9. apríl.
Úthlutun fer fram sama dag kl. 17:00
á skrifstofu AFLs á Reyðarfirði.

Sótt er um á „mínar síður“ á www.asa.is
eða á næstu skrifstofu AFLs

Orlof er heilsuefning

Saga orlofsréttar á Íslandi er ekki ýkja gömul og fyrst var samið um rétt fólks til að taka orlof og fá orlofslaun 1942 eftir mjög harðar vinnudeilur. Samningarnir 1942 voru um margt sögulegir enda gerðir í skugga hernáms. Efnt var til verkfalla þrátt fyrir að þau væru bönnuð með lögum á þessum tíma.

Samið var m.a. um átta stunda vinnudag í þessum samningum auk þess sem samið var um rétt til 12 daga orlofs og 4% orlofslauna. Áður var orlof og ferðalög einungis fyrir yfirstéttina.

Orlof er í dag talið mikilvægt hvað varðar heilsufar og vellíðan. Rannsóknir sýna fram á fjóra mikilvæga þætti við töku orlofs.

1. Orlof losar um streitu. Þeir sem taka orlof fá tækifæri til að losna við starfstengda streitu og líkamleg einkenni sem fylgja streitu – s.s. bakverk, höfuðverk og jafnvel hjartsláttartruflanir. Bætandi áhrif orlofstöku greinast í margar vikur að loknu orlofi.
2. Minni líkur á hjartasjúkdómum – rannsóknir hafa sýnt fram á aukna tíðni hjartasjúkdóma hjá þeim sem ekki taka orlof og ein rannsókn sýndi aukna tíðni hjartasjúkdóma strax og fyrsta orlofi var sleppt. Þeir sem slepptu því að taka orlof 5 ár í röð – voru 30% líklegri til að fá hjartaáfall en samanburðarhópur. (Syracuse University, „Medical proof a vacation is good for your heart.“ Science Daily, 20. June 2019.)

3. Aukin framleiðni – rannsóknir sýna að þeir sem taka fríin sín afkasta meiru þegar þeir eru í vinnu og líður betur í vinnunni og eru ánægðari þar.
4. Betri svefn. Mikið vinnuálag getur valdið svefntruflunum. Góð frí eru nauðsynleg til að koma svefninum aftur í lag.

Hvað sem heilsunni líður – er orlof kærkomið tækifæri fyrir fjölskylduna til að vera saman og njóta samvista. Börn og unglingar bíða oft sumarsins með eftirvæntingu og þá ekki síst til að njóta þess að vera með foreldrum sínum í næði frá vinnu og öðrum skyldum.

Verkalýðsfélögin hafa síðustu áratugi byggt upp orlofsbyggðir til að auðvelda launafólki að komast burt frá þéttbýlinu og njóta orlofsins í nýju umhverfi.

AFL Starfsgreinafélag á orlofshús í Klifabotni, í Ölfusborgum, að Minniborgum, á Illugastöðum og á Einarstöðum. Að auki leigir félagið hús víðsvegar um landið yfir sumarmánuðina til afnota fyrir félagsmenn.



Lyklar eru í lykklaboxi á húsinu, númer á leigusamningi. Umsjónarmenn eru Fjóla og Viðar, sími 861-8310.

Einarsstaðir á Völlum

Leiga allt árið, úthlutun 7. júní – 30. ágúst.



Einarsstaðir eru á Fljótsdalshéraði, í 12 km fjarlægð frá Egilsstöðum, stutt er inn í Skriðuklaustur og í Hallormsstaðaskóg. Um 100 km eru inn að Kárahnjúkastíflu.

Stærð 50 m², tvö eða þrjú svefnherbergi, stofa, eldhús, baðherbergi með sturtu og lítið anddyri.

Svefnaðstaða er fyrir fimm til sjö manns. Í rúmlega helmingi húsanna eru tvö svefnherbergi, í öðru herberginu er tvíbreitt rúm, í hinu herberginu er tvíbreitt rúm með 70 cm rúm yfir. Hinn helmingur húsanna er með þrjú svefnherbergi, eitt herbergi er með tvíbreiðu rúmi, annað herbergi með 120 cm neðra rúm og 70 cm rúm yfir, þriðja herbergið er með 90 cm neðra rúm og 70 cm rúm yfir.

Búnaður: Sjórnvarp, eldavel, ísskápur, gasgrill (gas fylgir, sjá leiðbeiningar í húsinu), pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir fimm til sjö manns fylgir (í samræmi við svefnaðstöðu). Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 1.400 kr. settið, baðhandklæði fyrir 500 kr. og lítið handklæði 200 kr. (hægt að panta fyrir fram á einarsstaðir@simnet.is). Heitur pottur er við bústaðina.

Þjónusta: Leikvöllir, hoppubelgur og mini-golf er á svæðinu, tvær golfkylfur og kúlur fylgja. Á Egilsstöðum er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matvöruverslanir, matsölustaði, apótek, flugsamgöngur, tækjasal, sundlaug með rennibraut, heitum pottum, sauna, náttúruaugar og fleira.



Lyklar eru í lykklaboxi á húsi, númer á leigusamningi. Umsjónarmaður er Kristín Jónsdóttir, sími 892-2470.

Klifabotn

Leigt allt árið, úthlutun 7. júní – 30. ágúst.



Klifabotn er við Strandaháls austan við Laxá í Lóni, 26 km austan við Hornafjörð. Stutt er í Lónsöræfi.

Stærð 60 m², þrjú svefnherbergi, baðherbergi með sturtu, stofa, eldhús og forstofa.

Svefnaðstaða. Rúm fyrir átta manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm með rúmi yfir og í þriðja herberginu eru kojur.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, eldavél, uppþvottavél, örbylgjuofn og gasgrill (gas fylgir), ísskápur, barnastóll, pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir átta manns fylgir.

Lín er ekki innfalið en hægt er að fá það leigt fyrir 1.400 kr. settið, handklæði fyrir 500 kr. Lín er afhent og greitt hjá umsjónarmanni (pantað fyrir fram). Hjólástólaaðgengi. Heitur pottur er við bústaðinn.

Þjónusta: Skemmtilegar gönguleiðir eru á svæðinu. Hægt að komast í jöklaferðir, bátsferðir og í náttúruleugar á svæðinu. Á Hornafirði er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matsöluastaði, matvöruverslanir, sundlaug, flugsamgöngur, verkstæði, apótek og fleira.



Lyklar eru í lyklaboxi á húsínu. Umsjónaraðili er Örvar, símar 863-3592 og 868-3592.

Minniborgir

Leiga allt árið, úthlutun 7. júní – 30. ágúst.



Minniborgir eru 23 km frá Þjóðvegi 1, ekið er upp Biskupstungnabraut vegur nr. 35, rétt vestan við Selfoss. Þegar ekið er inn á svæðið eru hús AFLs strax til hægri nr. 1, 2 og 3. Til Sólheima er um 10 km. Skálholt og Laugarás um 16 km, Flúðir 30 km, stutt er í Keríð, Friðheima og á Gullfoss og Geysi.

Stærð 80 m², tvö svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, anddyri og baðherbergi með sturtu, að auki er rúmgott svefnloft.

Svefnaðstaða er fyrir níu, í herbergjunum á neðri hæð eru tvíbreið rúm, í öðru er koja yfir, á efri hæð eru tvö tvíbreið rúm. Lín og handklæði fylgja ekki en hægt er að fá leigt hjá umsjónarmanni.

Búnaður: Sjórnvarp, útvarp, eldavel, ofn, uppþvottavel, gasgrill (gas fylgir), ísskápur með frystihólfi, pottar, pönnur, borðbúnaður fyrir 10, sængur og koddar fyrir níu fylgja. Heitur pottur er við bústaðinn. Þráðlaust net er á staðnum.

Þjónusta: Veitingastaður er að Minniborgum sem er öllum opinn, verslun og sundlaug með rennibraut er að Borg (3 km). Heilsugæsla og dýragarðurinn Slakki er í Laugarási. Á Selfossi er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, matsólustaði, matvöruverslanir, apótek, heilsugæslu, verkstæði og fleira.



Lyklar eru í lyklaboxi.
Umsjónarmaður: Aldís, sími 864-4743.

Birkihlíð, Gljúfri Ölfusi

7. júní – 6. september.



Birkihlíð er í Gljúfurbústaðahverfinu í Ölfusi. Það eru um 7 km í Hveragerði, á Selfossi eru 10 km og til Reykjavíkur eru 50 km. Stutt er á Þingvöllum, í Strandarkirkju, Þorlákshöfn og á Eyrarbakka. Fallegar gönguleiðir eru í nágrenninu.

Stærð 84 m², plús 28 m² svefnloft, samtals 112 m², tvö svefnherbergi, stór stofa, borðstofa, eldhús, anddyri og baðherbergi með sturtu.

Svefnaðstaða er fyrir 9, tvöfalt rúm er í stærra herberginu, kaja og rúm sem er ein og hálf breidd í því minna, tvöfaldur svefnsofi er á svefnlofti og fjórar dýnur. Lín fylgir ekki og ekki hægt að fá það leigt.

Búnaður: Sjónvarp, eldavél, uppvottavél, gasgrill (gas fylgir), ísskápur með frystihólf, pottar, pönnur, borðbúnaður fyrir 12, sængur og koddar fyrir níu fylgja. Heitur pottur er við bústaðinn. Nettenging er á staðnum.

Þjónusta: Upplýsingar ferðamála í Sunnumörk í Hveragerði. Golfvöllur er inni í dal.

Í Hveragerði og á Selfossi er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, matsöluastaði, matvöruverslanir, verkstæði, apótek og fleira.



Lyklar eru í lyklaboxi á húsinu, númer á leigusamningi.
Umsjónarmaður: sími 483-4260.

Ölfusborgir

Leiga allt árið, úthlutun 7. júní – 30. ágúst.



Ölfusborgir eru í þægilegu göngufæri frá Hveragerði. Á Selfoss eru 13 km og til Reykjavíkur eru 45 km. Stutt er á Þingvöll, í Strandarkirkju, Þorlákshöfn og á Eyrarbakka.

Stærð 54 og 57 m², tvö og þrjú svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, anddyri og baðherbergi með sturtu.

Svefnaðstaða í húsum nr. 14 og 15 er svefnaðstaða fyrir sex til sjö, tvíbreitt rúm og kofa er í stærra herberginu og tvíbreitt rúm í því minna, auka dýna fylgir. Í húsi 35 eru þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tvö með kofu. Barnarúm fylgir öllum húsunum.

Búnaður: Sjónvarp, eldavel, gasgrill (gas fylgir),

ísskápur með litlu frystihólfi, pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir sex manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 1.500 kr. settið, handklæði fyrir 500 kr. stykkið. Hægt er að fá aukadýnu, sæng og kodd. Heitur pottur er við bústaðina.

Þjónusta: Upplýsingamiðstöð er á Breiðamörk. Sundlaug og gufubáð að Laugaskarði í um 2 km fjarlægð. Hoppubelgur er á svæðinu. Golfvöllur er inni í dal. Í Hveragerði er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matsölustaði, matvöruverslanir, verkstæði, apótek og fl.

Nánari upplýsingar á www.olfusborgir.is



Lyklar eru í lyklaboxi, nr. á leigusamningi.
Umsjónaraðili er Róbert sími 8931767.
svignaskard@simnet.is

Svignaskarð

Hús nr. 7, 31. maí – 30. ágúst




Svignaskarð tilheyrir orlofsbyggð Svignaskarðs í Borgarnesi (dreifbýli), beygt er út af Þjóðvegi 1 við skilti merkt Langavatn og ekið þaðan niður í orlofshúsabyggðina. Í Varmaland er 7 km, í Borgarnes er 20 km, í Bifröst eru 14 km og um 100 km til Reykjavíkur.

Stærð 60 m², þrjú svefnherbergi, eldhús og stofa í sama rými, baðherbergi með sturtu og lítil forstofa.

Svefnaðstaða fyrir sjö til átta, eitt herbergi með tvíbreiðu rúmi, tvö herbergi með 120 cm rúmi og einbreiðri 80 cm koju yfir, barnarúm fylgir húsinu.

Búnaður: Sjónvarp, eldavei, bakaraofn, örbylgjuofn, ískápur með frystihólf, uppvottavél, mögulega hægt er að komast í þvottavél í þjónustuhúsi í miðri viku, barnastóll, sængur og koddar fyrir átta. Lín fylgir ekki og ekki hægt að fá það leigt. Pallur með heitum potti er við húsið. Garðhúsgögn og gasgrill er á pallinum, gas hjá umsjónaraðila. Net á svæðinu.

Þjónusta: Leiktæki er á svæðinu. Margir áhugaverðir staðir eru í nágrenninu t.d. Baula, Langavatn, Bifröst, Grábrók og Hreðavatn. Í Varmalandi er hægt að komast í sund og á matsölustað. Í Borgarnesi er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matvöruverslanir, matsölustaði, apótek, tækjasal, sundlaug með rennibraut, heitum pottum og fleiru.



Lyklar eru í lyklaboxi á húsinu, númer á leigusamningi.
Umsjónarmaður er Hrönn Valdimarsdóttir, sími 778-2826

Munaðarnes

24. maí – 23. ágúst.



Munaðarnes Stekkjarhóll 76, 311 Borgarnes, í Bifröst eru um 14 km, í Borgarnes eru 20 km, og um 100 km til Reykjavíkur.


Stærð 77m², þrjú svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi með sturtu.

Svefnaðstaða fyrir sex manns, eitt herbergi með 153x200 cm. rúmi, annað herbergi með 135x200 cm. rúmi, í þriðja herberginu er koja 85x200 cm. hvort rúm, barnarúm fylgir, það eru ekki aukadýnur í húsinu.

Búnaður: Sjónvarp, eldaveél, uppþvottaveél, ísskápur með frysti, kaffiveél, barnastóll, pottar, pönnur, borðbúnaður fyrir tólf, sængur og

koddar fyrir sex manns fylgir. Lín fylgir ekki og ekki hægt að fá það leigt. Stór verönd er við húsið með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli (gas fylgir).

Þjónusta: Hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla við Stekkjarhól, nokkur leiksvæði og ærslabelgir eru á svæðinu. Í Borgarnes er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matsölustaði, matvöruverslanir, apótek, tækjasal, sundlaug með rennibraut, heitum pottum og fleira. Almennar upplýsingar um landsvæðið má nálgast á www.vesturland.is.



Lyklar og eftirlit með bústaðnum hafa ábúendur í Burranesi, Jón Ingi Ólafsson, sími: 867-7286. thurranes@gmail.com.

Burranes

7. júní – 30. ágúst.



Burranes er í Dalabyggð í Dalasýslu. Bústaðurinn stendur í hlíðinni fyrir ofan bæinn. Um 38 km eru í Búðardal og svipað í Hólmavík. Um 40 km er að Reykhólum.

Stærð 43 m², tvö svefnherbergi, baðherbergi með sturtu, stofa með eldhúskrök og svefnloft.

Svefnaðstaða er fyrir sex manns. Í herbergjunum eru tvíbreið rúm, á svefnlofti eru tvær dýnur og hægt að fá fleiri ef þess er óskað.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, örbylgjuofn, grilllofn og eldunarhellur, kolagrill (kol fylgja ekki), ísskápur með litlu frystihólf, pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir sex manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt

fyrir kr. 1.500 settið, baðhandklæði 800 kr. Pallur með heitum potti er við húsið.

Þjónusta: Hægt er að komast í þvottavél eftir samkomulagi. Ef tjaldað er við húsið er tekið gjald fyrir það. Að Laugum í Sælingsdal (15 km), þar er sundlaug, íþróttahús og tækjasalur. Á Reykhólum er sundlaug, báta- og hlunnindasýning. Í Króksfjarðarnesi er handverkssala og Arnarsetur. Í Ólafsdal er sögusafn og fyrsti Landbúnaðarskóli Íslands. Í Búðardal og einnig á Hólmavík er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matsölustaði, matvöruverslanir, verkstaði, apótek og fleira.



Lyklar eru í lyklaboxi á húsinu og númer á leigusamningi.
Umsjónarmaður Þórólfur, sími 462-6199.

Illugastaðir

Leiga allt árið, í úthlutun 7. júní – 30. ágúst.



Illugastaðir eru í Fnjóskadal um 10 km innan við Vaglaskóg, til Akureyrar eru 27 km. Stutt er í Goðafoss og Ljósavatn.

Stærð 45 m², tvö svefnherbergi, eldhús, stofa, baðherbergi með sturtu og lítið anddyri.

Svefnaðstaða er fyrir átta manns, tvíbreitt rúm í öðru herberginu og tvær kojur í hinu. Tvíbreiður sófi er í stofunni. Auka dýnur er hægt að fá hjá umsjónarmanni.

Búnaður: Sjónvarp, eldavél, ísskápur með litlu frystihólf, örbylgjuofn, nettenging, gasgrill (gas fylgir) ásamt barnarúmi/ barnastól. Borðbúnaður, sængur og koddar fyrir átta

manns fylgir. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 1.700 kr. settið, handklæði fyrir 600 kr. sé það pantað fyrir fram (illugastadir@simnet.is). Heitur pottur er við bústaðina.

Þjónusta: Á Illugastöðum er meðal annars sundlaug, heitur pottur. Leikvöllur með skemmtilegum leiktækjum fyrir börnin, mini-golf, golfkylfur og kútur eru leigðar út í sundlauginni. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í Fnjóskadal. Á Akureyri er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matsöluastaði, matvöruverslanir, sundlaug, flugsamgöngur, apótek, og fleira.

1. Vegna orlofsíbúða

Endurgreiðsla er því aðeins heimil að eitthvað neðangreindra atriða eigi við:

- Veikindi í fjölskyldu – átt er við maka eða börn eða aðra mjög nákomna ættingja.
- Dauðsfall í fjölskyldu – átt er við foreldra leigutaka, systkini, maka eða börn leigutaka.
- Ófært er á þjóðvegum eða flug fellur niður.
- Ef tekst að leigja orlofseignina aftur.
- Leiga er afbókuð með þeim fyrirvara sem áskilið er. (Almennt 10 daga fyrirvari varðandi orlofsíbúðir – sjá þó gr. 2 d)

2. Endurgreiðsla er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Ef leiga orlofsíbúðar er afbókuð meira en 10 dögum áður en leiga hefst er leiguverð endurgreitt að frádregnu staðfestingargjaldi.
- Ef leiga orlofsíbúðar er afbókuð innan 10 daga áður en leiga hefst og sótt um endurgreiðslu á grundvelli gr. 1 a - c – er leiga endurgreidd að frádregnu staðfestingargjaldi.

3. Aðrar ástæður

- Afbóki félagsmaður íbúðarleigu af ástæðum sem ekki greinir í 1. grein en óskar samt sem áður eftir endurgreiðslu á leiguverði, skal viðkomandi senda skriflegt erindi á framkvæmdastjóra félagsins sem leggur það fyrir stjórn orlofssjóðs á næsta fundi. Sama gildir ef félagsmaður af öðrum ástæðum sættir sig ekki við afgreiðslu starfsmanna félagsins á ósk um endurgreiðslu.

4. Orlofshús

- Aldrei er endurgreitt fyrir liðna daga. Liðinn dagur telst m.a. sá dagur sem tilkynning um afbókun berst til félagsins.
- Staðfestingargjald er aldrei endurgreitt.
- Ef íbúðarleiga sem nær yfir helgi – er afbókuð á föstudegi er helgin ekki endurgreidd.
- Félagsmanni sem óskar eftir endurgreiðslu á grundvelli veikinda eða dauðsfalls ber að leggja fram vottorð um veikindi ef þess er óskað. Ef óskað er endurgreiðslu v. ófærðar ber félagsmanni að sýna skjámynd af korti vegagerðar eða af upplýsingasiðu flugfélags ef þess er óskað

Reglur vegna endurgreiðslu

á leigu vegna afbókunar á orlofsíbúð/orlofshúsi.

- Ef leiga orlofsíbúðar er afbókuð innan 10 daga áður en leiga hefst og sótt um endurgreiðslu á grundvelli gr. 1 d er leiguverð þeirra daga sem tekst að leigja út aftur – endurgreitt.
- Um leigur á tímabilum þar sem úthlutað er orlofsdvöl – s.s. orlofshús að sumarlagi og um páska og orlofsíbúðir um jól og áramót eða önnur tímabil sem úthlutað er í – gilda sérstakar reglur um endurgreiðslurétt – sem tilkynnt er um við úthlutun.



Til góðra verka!



AFL Starfsgreinafélag notar ekki “punktakerfi” þannig að félagsmenn eru allir jafnsettir við úthlutun nema hvað þeir sem ekki hafa fengið úthlutað sumarhúsi sl. þrjú ár eru í forgangi.

Þannig eru við móttöku umsókna – þær merktar í forgang eða ekki. Þeir sem hafa fengið úthlutað síðustu 3 ár, eru ekki í forgangi.

Úthlutun fer fram á opnum fundi sem félagsmenn geta sótt, óski þeir þess. Á fundinum er úthlutað í hvert orlofssvæði í senn – fyrir hvert tímabil. Þegar umsóknir eru fleiri en þau hús

sem til ráðstöfunar eru, er dregið tilviljanakennt milli umsókna. Dregið er milli allra umsækjenda og fær hver umsækjandi númer eftir dráttinn. Lægstu númerin fá hús en sama númeraröð ræður síðan sæti annarra á biðlista. Þannig er félagsmaður með lágsta númerið sem ekki fékk úthlutun – efstur á biðlista.

Byrjað er að draga úr aðalumsóknum þeirra sem eru í forgangi og farið yfir öll svæði og öll tímabil. Síðan er dregið úr varaumsóknum þeirra sem eru í forgangi og farið yfir öll svæði og tímabil. Þá er

Um úthlutun sumarhúsa AFLs

Þeir sem ekki hafa fengið úthlutun síðastliðin þrjú ár eru í forgangi.

dregið úr aðalumsóknum þeirra sem ekki eru í forgangi og loks úr varaumsóknum þeirra.

Ekki er hætta á að sami félagi fái bæði úthlutun úr aðalumsókn og varaumsókn því um leið og viðkomandi fær úthlutun er hin umsóknin gerð óvirk.

Algengt er að fleiri en ein umsókn komi frá sömu fjölskyldu - fjölskyldumeðlimir sem eru félagsmenn AFLs sækja allir um. Fyrir kemur að fleiri en einn fá úthlutað húsi á sama tímabili og hvetjum við fólk til þess – í slíkum tilfellum – að láta strax vita að það muni ekki nota tiltekna

úthlutun þannig að unnt sé að úthluta til þess sem næstur er í röðinni.

Við úthlutun fara strax skilaboð á félagsmann um að hann hafi fengið úthlutun. Þeir sem ekki ætla að nota þá úthlutun – eru hvattir til að senda strax skilaboð á asa@asa.is þannig að unnt sé að úthluta húsinu aftur.

Síðastliðin ár – hefur verið unnt að sinna langflestum umsóknum. Fólk hefur mögulega ekki fengið það hús og tímabil sem það óskaði helst eftir en starfsmenn AFLs vinna stöðugt í því að leysa úr umsóknum á biðlista.



Aðrir orlofskostir

og afslættir sem nýtast vel í fríinu.



Útilegukort

www.utilegukort.is

Félagið niðurgreiðir útilegukort til félagsmanna sem ætlað er til nota á tjaldsvæðum víðsvegar um landið.

Félagið selur kortið til félagsmanna á kr. 18.000.

Hægt er að versla kortið á heimasíðu

AFLs www.asa.is undir „mínar síður“ - vefverslun, fá það sent eða sækja það á valda skrifstofu.

Tjaldvagnar, fellihýsi og hjólhýsi

Félagið niðurgreiðir leigu á hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum til félagsmanna um kr. 20.000 gegn framvísun á löggildri kvittun frá leigusala.

Gert er skilyrði um að leigusalinn sé fyrirtæki eða einstaklingur sem hefur það að starfssemi að bjóða upp á leigu á tjaldvögnum, fellihýsum og hjólhýsum.


Munið að sýna félagsskírteini þar sem afsláttur er veittur.

Gistiávisanir

Í vefverslun asa.is undir „mínar síður“

Gerður hefur verið samningur við nokkur hótél og hótélkeðjur um ódýrari gistingu fyrir félagsmenn. Hægt er að kaupa gistiávisanir á heimasíðu félagsins www.asa.is - „mínar síður“ - vefverslun eða á næstu skrifstofu AFLs. Félagsmaður fær gistiávisunina á skráð netfang að greiðslu lokinni. Gistiávisunin gildir á það hótél sem hún er stíluð á með þeirri þjónustu sem tilgreind er í kaupum og kemur fram á ávisuninni. Bóka þarf gistingu á viðkomandi hóteli og tilgreina að greitt verði með gistiávisun.

Félagsmaður getur einungis greitt með gistiávisun stílaða á sitt nafn, fyrir bókun gerða í sínu nafni.



Jarðböðin við Mývatn www.jardbodin.is.

Félagsmenn í AFLi og fjölskyldur þeirra fá 15% afslátt af aðgangseyri (ekki veitingum).

Veiðikort

www.veidikortid.is

Félagið niðurgreiðir veiðikort til félagsmanna sinna sem ætlað er til nota í veiðivötnum víðsvegar um landið.

Félagið selur kortið til félagsmanna sinna á kr. 6.200. Hægt er að versla kortið á heimasíðu AFLs www.asa.is „mínar síður“ - vefverslun og fá það sent eða sækja það á valda skrifstofu.





Við höfum öll miklar væntingar til sumarleyfisins og ekki síst þegar fara á í sumarhús eða tjaldferðalag. Þannig er það einnig með aðra meðlimi fjölskyldunnar – væntingarnar eru miklar. Því miður kemur fyrir að minningar um

sumarleyfið eru ekki eins góðar og að var stefnt og hér ætlum við í örstuttu máli að tæpa á nokkrum atriðum sem ber að varast og kannski einhverjum atriðum sem geta hjálpað til við að gera fríið eins gott og unnt er.

Sumarfrí - eintóm sæla eða hvað?

Góð ráð þegar halda skal í sumarfrí.

1. Fríið er frí allra í fjölskyldunni. Börn og unglingar hafa oft miklar væntingar til sumarleyfisins.
2. Verum jákvæð – tökum góða skapið með en skiljum vinnuna og áhyggjurnar eftir heima.
3. Það eru yfirleitt langir áfangar þegar Austfirðingar fara í frí í aðra landshluta. Reiknum okkur góðan tíma og tökum daginn snemma. Við skulum reikna með að stoppa oft en ekki og ekki spillir að hafa bolta eða sundföt til taks til að koma yngri kynslóðinni á smá hreyfingu þegar við á.
4. Tökum með okkur nesti á lengri ferðum. Það bæði sparar peninga því það er dýrt að fæða alla fjölskylduna í þjóðvegaverslunum – og svo eru það góðar samverustundir að snæða nesti saman á fallettum stað.
5. Munum að þegar 2 – 5 manneskjur (börn eru líka manneskjur) eru lokuð saman inni í litlu rými í bíl í heilan dag án þess að nokkur hafi möguleika á að draga sig í hlé og fá næði – verðum við að taka tillit til allra. Ferðalagið verður skemmtilegra þegar allir eru í góðu skapi og það er vel þess virði að syngja „Atti

katti nóa“ fimmtíu sinnum ef það þýðir að aftursættisfarþegarnir koma sælir og kátir í áfangastað.

6. Við erum kannski ekki vön því að eyða heilum dögum í svo mikilli nærveru við maka og börn eins og gerist í sumarfríum – það er ekki sjálfgefið að allir séu alltaf í góðu skapi. Við þurfum að vera meðvituð um þetta.
7. Sumarfrí er uppeldi og kennsla. Ekki með skipulegum kennslustundum heldur með fordæmi og hegðun. Ef við viljum að börnin séu tillitssöm – skulum við taka tillit til þeirra og þeirra óska. Við getum líka haft mikil áhrif á það hvernig börnin okkar upplifa frí og áfengi – ef áfengisneysla okkar er mikil í sumarleyfum erum við að kenna börnunum að áfengi sé nauðsynlegt til að skemmta sér. Foreldrar eru bestu kennarar barna sinna.

8. Áfengi getur verið gott í hófi fyrir þá sem með kunna að fara. En áfengi hefur líka spilt sumarleyfum fyrir fleirum en rigningar og vond veður.

9. Samverustundir sem lifa í minningunni eru ekki endilega þær sem mest er haft fyrir og kosta mest. Að spila Olsen Olsen við pabba og mömmu í hálf tíma er kannski mun merkilegri stund en margt það sem mikið er í lagt og kostar mikið.

Við getum rifjað upp okkar bestu minningar úr eigin æsku og reynt að læra af því. Við getum líka rifjað upp slæmar minningar ef við eigum þannig – og þar eru vitin til að varast. Góðu minningarnar eru til leiðbeiningar um það mikilvæga í lífinu.

Góða ferð og
góða skemmtun!





Aleksandra Radovanovic

Egilsstaðir
sími: 470-0311



Kristín Hannesdóttir

Breiðdalsvík



Ásdís Helga Jóhannsdóttir

Neskaupstaður
sími: 470-0320



Lilja Björk Ívarsdóttir

Egilsstaðir
sími: 470-0316



Ásdís Sigurjónsdóttir

Egilsstaðir / Reyðarfjörður
sími: 470-0322



Sigurbjörg Kristmundsdóttir

Reyðarfjörður
sími: 470-0310



Gosia Libera

Reyðarfjörður
sími: 470-0307



Sverrir Mar Albertsson

Egilsstaðir / Reyðarfjörður
sími: 470-0302



Guðbjörg Ómarsdóttir

Höfn
sími: 470-0319



Valborg Jónsdóttir

Reyðarfjörður
sími: 470-0314



Guðrún Aradóttir

Djúpivogur
sími: 470-0317



Þorbjörg Pála Pétursdóttir

Reyðarfjörður
sími: 470-0312

Starfsfólk AFLs

Aðstoðar þig, til góðra verka.



Gunnar Smári Guðmundsson

Vopnafjörður
sími: 470-0303



Þorkell Kolbeins

Höfn
sími: 470-0318



Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Höfn
sími: 470-0301



Þórhildur Ösp Þórhallsdóttir

Neskaupstaður
sími: 470-0306



Jónína Harpa Njálisdóttir

Neskaupstaður / Reyðarfjörður
/ Egilsstaðir
sími: 470-0323



Djúpvogur

765 - Mörk 12
sími: 470-0317



Neskaupstaður

740 - Egilsbraut 11
sími: 470-0306



Egilsstaðir

700 - Miðvangi 2-4
sími: 470-0305



Reyðarfjörður

730 - Búðareyri 1
sími: 470-0312



Hornafjörður

780 - Víkurbraut 4
sími: 470-0318



Vopnafjörður

690 - Lónabraut 4
sími: 470-0303

Starfsstöðvar AFLs

á 6 stöðum um allt Austurland.



Til góðra verka!

**Aðalsímanúmer
félagsins:**

4 700 300

Póstáritun:

AFL Starfsgreinafélag
Miðvangi 2-4
700 Egilsstöðum

Allar upplýsingar og verð gefnar upp með fyrirvara um prentvillu.



Umsókn um orlofsdvöl

Umsóknir

Sótt er um á asa.is, undir mínar síður, á næstu skrifstofu eða með því að senda inn umsóknareyðublaðið hér til hlíðar.

Leiguverð orlofshúsa 2024

Leiguverð kr. 37.838 vikan, frá föstudegi til föstudags.

Staðfesting

Staðfesta þarf og greiða fyrir bústaðina fyrir 10. maí annars verða þeir leigðir öðrum.

Engin gæludýr

Heimilisdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum eða á orlofssvæðunum.

Umsóknarfrestur og úthlutun

Umsóknarfrestur er til kl. 12:00, 9. apríl. Úthlutun fer fram sama dag kl. 17:30 á skrifstofu AFLs á Reyðarfirði.

Starfsfólk AFLs sem hefur umsjón með orlofshúsum:

Lilja Björk Ívarsdóttir
sími: 4700 316 • lilja@asa.is

Gunnar Smári Guðmundsson
sími: 4700 303 • gunnar@asa.is

Nafn:

Kennitala:

Heimili:

Póstnúmer:

Staður:

Heimasími:

Farsími:

Netfang:

Vinnustaður:

Vinnusími:



Umsóknareyðublað

Vika sem óskað er eftir:

Dvalarstaður:

Vika til vara:

Dvalarstaður:

Dagsetning:

Undirskrift umsækjanda:

Umsókn sendist á:

AFL Starfsgreinafélag

Miðvangi 2-4

700 Egilsstöðum



Til góðra verka!

Orlofssjóður

AFL Starfsgreinafélag

www.asa.is • sími: 4700 300

